

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Matthías Bjarnason, Gunnlaugur Finnsson, Karvel Pálmason, Sigurlaug Bjarnadóttir, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, jörðina Reykhóla, að undanskildu landi tilraunastöðvarinnar og Þörungaverksmiðjunnar hf. Um aðild eða eignarrétt hreppsfélagsins að hitavatnsréttindum fer eftir samningum milli ríkisins og hreppsins.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignarinnar, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1950 var hafin uppbygging á Reykhólum fyrir tilstuðlan Landnáms ríkisins og var þar stofnsett eitt af byggðahverfum Landnáms ríkisins. Á árunum á milli 1950 og 1960 voru þar ræktuð stór tún á vegum Landnáms ríkisins eða á milli 70 og 80 ha. Þessi ræktun var notuð til að stofna tvö nýbýli, fjögur smábýli einstaklinga og þrjú opinberra aðila (læknir, prestur og skóli). Smábýli þessi fengu 4–5 ha. Þá var eitt smábýli stofnað á sjöunda áratugnum. Með þessum framkvæmdum varð talsverð uppbygging á Reykhólum og voru byggð 7 íbúðarhús bæði á nýbýlunum og á skipulagða svæðinu. Ekki þróaðist samt næg atvinna í sambandi við þessa uppbyggingu þar sem atvinnutækin vantaði. En á árinu 1974 verða veruleg þáttaskil í þróun byggðarlagsins. Þá er hafist handa um uppbyggingu Þörungavinnslunnar hf. og aðstöðu fyrir hana. Framhald af uppbyggingu Þörungavinnslunnar hf. var að sveitarstjórn Reykhólahrepps þurfti að láta endurskoða tillögu-uppdrátt að skipulagi fyrir Reykhóla, sérstaklega gagnvart lóðum undir íbúðarhús, vatnslagnir, holræsalagnir, rotþrær, hitaveitu, gatnagerð. Þá var einnig skipulagt afhafnasvæði fyrir verkstæði, ákveðinn staður fyrir verslun og félagsheimili.

Þegar er Reykhólahreppur búinn að leggja hitaveitu, vatnsveitu, holræsaakerfi og götur fyrir 3–4 milljónir króna á s.l. ári. Auk þess er Reykhólahreppur búinn að kosta til skipulags á Reykhólum um 400 þúsund krónum. Á s.l. ári voru í byggingu sjö íbúðarhús og eru fjögur þeirra fullfrágengin (leiguíbúðir) og flutt er í þau, þá verða tvö íbúðarhús tilbúin til nota fyrri hluta þessa árs. Búið er að sækja um þrjár lóðir og nokkrir hafa auk þess spurt um lóðir, svo af þessu má sjá að líkur eru fyrir því að hafin verði bygging nokkurra íbúðarhúsa á þessu ári, þá hefur einnig verið sótt um lóð undir verkstæðishús. Öllum þessum aðilum þarf Reykhólahreppur að veita þjónustu með vatn, frárennsli, hitaveitu og götur. Komið hafa fram fyrirspurnir og umsóknir um lóðir fyrir hesthús og fyrir aðra aðstöðu því fylgjandi. Hreppsnefnd telur mjög mikið atriði að geta veitt þessum áhugamönnum aðstöðu til að geta stundað þetta áhugamál sitt, því hún telur að það muni hafa veruleg áhrif á framtíðarþúsetu nokkurra þeirra, sem eru að setjast hér að, að fyrir þessu máli sé vel séð.

Af framangreindri upptalningu þykir vera sýnt að sveitarstjórn Reykhólahrepps er þegar farin að hafa allmikil afskipti af framkvæmdum á Reykhólum, og munu þau væntanlega aukast á næstu árum. Sveitarsjóður Reykhólahrepps er þegar búinn að fjárfesta fyrir nokkrar milljónir, eins og hér er greint frá að framan, og á vafalaust eftir að framkvæma og fjárfesta miklu meira vegna þeirrar þróunar byggðar sem þarna er að gerast.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps telur því eðlilegt og raunar sjálfsagt að Reykhólahreppur eigi þá jörð, þar sem eru allar þær framkvæmdir og skipulag sem sveitarfélagið þarf að leggja í, því auðveldara er að skipuleggja og framkvæma á eigin landi heldur en á leigulandi, að sjálfsögðu í fyllsta samkomulagi við skipulagsstjórn ríkisins og landnámsstjórn það er að búskap viðkemur. Oddviti ræddi við skipulagsstjóra og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga um hugmynd hreppsnefndar Reykhólahrepps að fá Reykhóla keypta fyrir sveitarsjóð. Báðir lýstu þeir yfir fylgi við þá hugmynd og töldu tímabæra. Varla þarf að taka fram að staða þeirra, sem leiguréttindi hafa á Reykhólum, yrði óbreytt þó eigendaskipti yrðu.